



worldwidefriends
V E R A L D A R V I N I R

Veraldarvinir - Strandverðir Íslands

Upplýsingar um Veraldarvini

Veraldarvinir eru íslensk félagasamtök sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða. Samtökin voru stofnuð í júní 2001 og hafa frá upphafi haft umhverfismál í öndvegi. Markmið samtakanna er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og betri umgengni manna við umhverfi sitt. Við nálgumst markmið okkar með alþjóðlegu samstarfi og sjálfbóðaliðastarfi og skipulagningu umhverfis- og menningartengdra verkefna í samvinnu við sveitarfélög og frjáls félagasamtök. Veraldarvinir eru brautryðjendur í skipulagningu slíkra verkefna hér á Íslandi.

Frá árinu 2001 höfum við tekið á mót 19.995 erlendum sjálfbóðaliðum og hafa þeir lagt fram rúmlega 2.196.000 klst til íslenskrar náttúru og menningar en það jafngildir 1.068 ársverkum.

Síðustu 13 árin höfum við hreinsað 5.954 km af ströndum Íslands en þess ber að geta að margar strendur hafa verið hreinsaðar oftari en einu sinni enda þarf að viðhalda hreinleika þeirra.

Með verkefninu Strandverðir Íslands blásum við til aukinnar sóknar við strandhreinsanir í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, félög og einstaklinga. Við beinum fleiri erlendum sjálfbóðaliðum í verkefnið og virkjum heimamenn í eftirliti með ströndum sínum til framtíðar í samstarfi við okkur.

Verkefnið er nú þegar í gangi og flestir verkþættir þess komnir í gang.

Ár	Samtals			Kostnaður Samtals	Kostnaður per kg	Kostnaður per km	Kostnaður per vinnu	Magn per km	Magn per klst
	Vinnustundir	Strandlengja	Rusl kg						
2006	8,320	65	43,276	3,980,954 kr	92 kr	61,245 kr	478 kr	666	5.2
2007	30,578	378	198,576	6,576,432 kr	33 kr	17,398 kr	215 kr	525	6.5
2008	37,563	599	245,763	7,654,532 kr	31 kr	12,779 kr	204 kr	410	6.5
2009	44,762	602	256,976	9,875,432 kr	38 kr	16,404 kr	221 kr	427	5.7
2010	44,563	593	298,653	11,768,975 kr	39 kr	19,847 kr	264 kr	504	6.7
2011	42,890	438	278,597	10,569,321 kr	38 kr	24,131 kr	246 kr	636	6.5
2012	31,850	432	86,453	5,465,632 kr	63 kr	12,652 kr	172 kr	200	2.7
2013	33,265	378	167,457	9,453,261 kr	56 kr	25,009 kr	284 kr	443	5.0
2014	25,431	273	89,673	8,636,693 kr	96 kr	31,636 kr	340 kr	328	3.5
2015	23,428	241	65,043	5,356,532 kr	82 kr	22,226 kr	229 kr	270	2.8
2016	17,325	212	46,765	4,564,232 kr	98 kr	21,529 kr	263 kr	221	2.7
2017	15,228	198	42,456	4,254,675 kr	100 kr	21,488 kr	279 kr	214	2.8
2018	11,340	234	48,674	4,454,521 kr	92 kr	19,036 kr	393 kr	208	4.3
2019	12,720	326	58,342	5,543,122 kr	95 kr	17,003 kr	436 kr	179	4.6
2020	2,960	243	20,104	3,332,960 kr	166 kr	13,716 kr	1,126 kr	83	6.8
2021	25,867	742	91,048	28,663,784 kr	315 kr	38,630 kr	1,108 kr	123	3.5
Samtals	408,090	5,954	2,037,856	130,151,058 kr	64 kr	21,859 kr	319 kr	342	5.0

Skipulag og yfirsýn verkefnis

Verkefnið felst í því að allar strendur verða djúphreinsaðar fram til ársloka 2025. Veraldarvinir hafa yfirumsjón með verkefninu.

Skipulagðar verða hreinsanir um allt land jafnhliða því sem ströndin verður kortlögð og mynduð.

Grunnurinn að hreinsun strandlengjunnar eru hópar erlendra sjálfbóðaliða sem takast á við tveggja vikna verkefni þar sem unnið er við hreinsun 30 klst á viku. Búið er að skipuleggja 104 níu manna hópa af Veraldarvinum á tímabilinu 01 janúar til 31 desember 2022

Flestir þessara hópa munu dvelja í húsum Veraldarvina á Stöðvarfirði, á Brú í Hrutafirði og í Reykjavík auk þess sem Vinir Kolgrafarvíkur leggja til hús á Ströndum. Verið er að leita eftir hentugu húsi á Suður- eða suðausturland og einnig á Vestfjörðum og norðausturlandi. Þetta styrkir verkefnið verulega og gerir okkur kleift að hreinsa af krafti alla virka daga í flestum landshlutum. Á þeim svæðum þar sem Veraldarvinir geta ekki verið í eigin húsum verður samið við sveitarfélög um afnot af félagsheimilum eða öðrum húsum sem henta.

Heimamenn geta hreinsað með þessum hópum í einn dag eða fleiri ef þeir hafa áhuga. Einnig verða skipulagðar hreinsanir með heimamönnum, háskólum, náttúrustofum, skólahópum, vinnuhópum, öðrum sjálfbóðaliðum, ferðamönnum, fyrirtækjum og fleirum í hverri viku frá mars fram í október á ári hverju. Fyrirkomulag þeirra hreinsana verður þannig að hópstjórar Veraldarvina mæta á staðinn með allt sem þarf til hreinsunar og sjá um vigtun og flokkun sorps. Strendur verða hreinsaðar í tvo til fjóra klukkutíma og sveitarfélögin sjá um að fjarlægja ruslið.

Drónar verða notaðir til þess að taka myndband af allri strandlengju Íslands til þess að fólk geti áttað sig á umfangi verkefnisins og eins til þess að hvetja almenning til virkrar þátttöku

Rusl verður greint og vigtað og haldið utan um þær upplýsingar með appi og gagnvirkri heimasíðu sem allir hafa aðgang að.

Veraldarvinir sjá um flutning, endurnýtingu eða förgun á því rusli sem týnt er. Það rusl sem þarf að fara verður flutt til næstu flokkunarstöðva.

Þegar strendur hafa verið hreinsaðar þá taka strandverðir í heimabyggð yfir og viðhalda þeim reglulega í framtíðinni.



Úttekt á stöðu strandlengju landsins

Til að fá sanna mynd af stöðu strandlengjunnar þarf að halda árfam eftirfarandi verkþáttum

- Hafa samband við öll sveitarfélög og sem liggja að hafi til þess að koma á samstarfi og til þess að sjá hvaða svæði þarf fyrst að hreinsa og hvernig aðgengi er að þeim. Með aðstoð og þekkingu heimamanna er strandlengjan í sveitafélögum skoðuð, metin og skráð.
- Ganga þarf frá samningi við sveitarfélög og fá leyfi landeiganda
- Taka þarf tillit til náttúruverndar, fuglalífs, OSPAR stranda o.þ.h.
- Nauðsynlegt er að vinna náið með Sambandi íslenskra sveitafélaga og landshlutasamtökum sveitafélaganna. Veraldarvinir eru nú þegar í samvinnu og góðu sambandi við fjölmörg sveitafélög á landinu.
- Taka myndir og myndband af strandlengju Íslands með dróna. Með því móti sjáum við betur hvernig verkefnið liggur auk þess að slíkt myndband virkar sem hvati til þess að virkja íslendinga til þátttöku í verkefninu.



Hreinsun og árangur á árinu 2021

Veraldarvinir - Strandverðir Íslands hafa verið mjög virkir í ár og hreinsanir gengið vel þegar á heildina er litið. Mikill fjöldi sjálfboðaliða hefur tekið þátt í verkefnum og Veraldarvinir eru að ná fyrri styrk eftir Covid.

Breyting var gerð á verkefnum okkar þannig að nú vinna sjálfboðaliðarnir 30 klst á viku og fá fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í 7 til 10 klst á viku. Þessi breyting færir okkur fleiri sjálfboðaliða og gefur verkefnum okkar meira innihald.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 hafa Veraldarvinir safnað saman plasti í fjörum Íslands sem hér segir

Tímabil	klst	fjöldi	magn	kostnaður	kostnaður	kostnaður	kostnaður	magn	magn
jan - sept 2021	Samtals	km	kg	Samtals	per kg	per km	per klst	per km	per klst
Vestfirðir	82	16	688	90,866	132	5,679	1,108	43	8.4
Strandir	4,532	19	11,912	5,022,008	422	264,316	1,108	627	2.6
Norðurland vestra	6,963	151	18,892	7,715,851	408	51,098	1,108	125	2.7
Norðurland eystra	550	22	4,422	609,467	138	27,703	1,108	201	8.0
Austurland	9,432	353	28,593	10,451,804	366	29,609	1,108	81	3.0
Suðurland	2,321	89	16,821	2,571,950	153	28,898	1,108	189	7.2
Höfuðborgarsvæði	1,987	92	9,720	2,201,838	227	23,933	1,108	106	4.9
Samtals	25,867	742	91,048	28,663,784 kr	315 kr	38,630 kr	1,108 kr	123	3.5

Kostnaðartölurnar sýna beinan kostnað við hreinsanir sem eru

1. Rekstur bifreiða og tækja
2. Fæði
3. Húsnæði
4. Pokar, hanskar, áhöld og fleira
5. Flutningur á plasti til förgunar og endurvinnslu.

Þessi afköst síðustu níu mánaða jafngilda 13 ársverkum



Þegar litið er á hreinsanir fyrri ára sést að kostnaður er meiri per kg og km á árinu 2021 en á fyrri árum. Ástæðan er sú að við höfum verið að vinna á svæðum þar sem mjög mikið er af litlum plastbitum sem tekur langan tíma að hreinsa. Þessi svæði eru Árneshreppur, Bitrufjörður og aðrir staðir í Strandasýslu. Kostnaður við flutning á plastinu bætist síðan við en árin á undan tóku sveitarfélögin þátt í þeim kostnaði



Markmið og áskoranir á árinu 2022

Strandhreinsanir

Við gerum ráð fyrir að á árinu 2022 getum við hreinsað 1.100 km af strandlengju Íslands með okkar sjálfbóðaliðum. Notast verður við OSPAR flokkunarkerfi við hreinsanir og verkefnið unnið í samvinnu við sveitarfélögin, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir sem tengjast umhverfisvernd.

Endurvinnsla á plasti og virkjun rafstöðvar á Brú í Hrútafirði

Sett verður upp starfsstöð fyrir endurvinnslu á plasti og framleiðslu á bökkum undir græðlinga á Brú í Hrútafirði. Samhliða því verður rafstöðin í húsinu endurræst. Þegar reynsla hefur fengist af þessari framleiðslu verða útbúin færnanleg framleiðslueining sem notuð verður til þess að þrifa og kurla plast þar sem það er týnt úr fjörum.

Breyting á bílaflota Veraldarvina

Í dag eru Veraldarvinir með 13 fólksbíla sem taka 5 til 7 farþega auk þess sem tvær 18 og 20 manna rútur eru í flotanum. Nauðsynlegt er að fækka verulega fólksbílum og fá stærri bíla fyrir reksturinn. Með þessu sparast ekki aðeins fé vegna eldsneytis og viðhalds heldur eykur það öryggi okkar sjálfbóðaliða þegar keyrt er um fáfarna og lélega vegi á Ströndum og víðar. Kolefnissporið verður einnig minna fyrir vikið.

Drónar og myndun strandlengjunnar

Fjöldi sjálfbóðaliða hefur farið um landið síðustu mánuði með dróna. Í vetur verður unnið úr því efni og hvert sveitarfélag sem tekur þátt í verkefninu fær myndband sem sýnir ástand stranda sem tilheyra því.

Fjármögnun

Bónus hefur verið aðal bakhjarl þessa verkefnis, unnið er að því að fjölga styrktaraðilum á næstu mánuðum og er aðaláhersla lögð á að fá í liðið félag sem hefur afkomu sína af haftengdri starfsemi.

Fjárveiting úr aðgerðaráætlun í plastmálefnum mun koma á næstu vikum auk þess sem sótt hefur veið um styrki hjá Evrópusambandinu og öðrum aðilum.

Veraldarvinir eru líka í norrænu samstarfi um strandhreinsanir sem styrkt er af norrænu ráðherranefndinni.

Helstu verkefni Veraldarvina 2022 – 2024

Verið er að vinna að þessari áætlun og er gert ráð fyrir að hún liggi fyrir um miðjan Nóvember.

Ætlunin er að vinna að fjórum meginverkefnum á þessum árum

1. Hreinsun strandlengju Íslands
2. Endurvinnsla á plasti
3. Skógrækt í samvinnu við skógræktarfélögin
4. Fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna